



Samband Sveitarfélaga
á Austurlandi



Svona gerum við

Leiðir að fjölmenningslegu samfélagi á Austurlandi



Formáli

Aðlögun innflytjenda (fólks af erlendum uppruna) að íslensku samfélagi er málaflokkur sem hefur orðið æ fyrirferðarmeiri í þjóðfélagsumræðunni. Þrátt fyrir vaxandi umræðu síðustu ár hefur ekki legið fyrir heildstæð stefna í innflytjendamálum af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Innflytjendaráð var skipað 2005 og hefur það hlutverk að koma með tillögur um stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og hafa umsjón með henni. Stefna stjórnvalda um aðlögun innflytjenda kom loks fram nú fyrir nokkrum dögum undir lokin á vinnu þessarar skýrslu. Þar setja stjórnvöld fram nokkuð heildstæða stefnu en þar vantar markvissa eftirfylgni- og framkvæmdaáætlun.

Á Austurlandi hefur hlutfall innflytjenda af íbúafjölda hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Fyrir liggur að sveitarfélögin hafa ekki mótað sér stefnu varðandi þjónustu við þessa einstaklinga og víðast er hún því óviðunandi. Nauðsynlegt er því að kanna þarfir og aðstæður innflytjenda í austfirsku samfélagi, vinna með heilðræna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur og kynna þeim réttindi sín og skyldur í samfélaginu á Austurlandi. Til að svo megi verða þarf að kalla til samstarfs við sveitarfélög og stofnanir innan þeirra, eins og félagsþjónustu, leik- og grunnskóla, hjá ríki og sveitarfélögum aðila eins og framhaldsskóla, heilbrigðisþjónustu og löggæslu, atvinnurekendur, kirkju, launþegasamtök, Rauða krossinn og fleiri.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur tekið þátt í umræðu og verkefnum tengdum innflytjendum í landshlutanum frá árinu 2002. Á aðalfundi SSA 2005 var svoljóðandi samþykkt gerð:

Aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15. og 16. september 2005 vekur athygli á nauðsyn þess að efla íslenskukennslu og kennslu um íslenskt samfélag fyrir innflytjendur. Þörf er á að efna til viðtæks átaks á þessu sviði og er þá æskilegt að yfirvöld menntamála, sveitarfélög, launþegahreyfing og fyrirtæki hafi með sér náð samstarf. Brynt er að fræðsla af þessu tagi sé forgangsverkefni þannig að allir innflytjendur fái haldgóða fræðslu um tungumál og samfélag.

Í framhaldi aðalfundar kallaði SSA til liðs við sig sveitarfélög, einstaklinga, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök ásamt fulltrúum innflytjenda, alls um 40 einstaklinga til að vinna verkefni um bættu þjónustu við innflytjendur á Austurlandi. *Viðhorf innflytjenda á Vestfirðum og Austurlandi* (Heiður Hrunn Jónsdóttir o.fl., 2004) var gott innlegg í verkefnavinnuna. Sérstök fimm manna verkefnisstjórn fékk það hlutverk að móta og halda utan um verkefnið. Eftirtaldir skipuðu stjórnina:

Stefán Bragason skrifstofustjóri, Fljótsdalshéraði, Hildur Ýr Gísladóttir félagsmálafulltrúi, Fjarðabyggð, Birgir Kjartansson félagsmálustjóri, Hornafirði, Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA, verkefnisstjóri og Elsa Arnardóttir, forstöðukona Fjölmenningsseturs, sem var faglegur ráðgjafi verkefnisstjórnar. Birgir Kjartansson flutti búferlum af Austurlandi og í hans stað kom Óðinn G. Óðinsson verkefnis- og þróunarstjóri, Fljótsdalshéraði. Auk þess vann Haflíði H. Haflíðason, verkefnastjóri hjá Þróunarfélagi Austurlands, með stjórninni, og sá hann m.a. um samantekt og frágang skýrslunnar. Fyrsti fundur verkefnisstjórnar var 6. apríl 2006.

Það er von okkar að þær ábendingar og leiðir til úrbóta sem hér eru settar fram verði teknar alvarlega af þeim ábyrgðaraðilum sem þeim er beint til. Gert er ráð fyrir því að fylgst verði með framvindu tillagnanna af eftirlitsteymi sem skipað verður af SSA og samstarfsaðilum verkefnisins.

Stjórnin þakkar öllum þeim sem tóku þátt í þessu verkefni, með einum eða öðrum hætti, fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

Janúar 2007

Þorvaldur Jóhannsson verkefnisstjóri

5	Inngangur	
7	1. kafli	
	Helstu niðurstöður	
9	2. kafli	
	Málefni sveitarfélaga	
	▶ 2.1 Börn og unglingar	13
17	3. kafli	
	Ábyrgð og þjónusta atvinnurekenda	
21	4. kafli	
	Íslenskunám fyrir fullorðna	
24	5. kafli	
	Túlkþjónusta	
26	6. kafli	
	Stofnanir, félagasamtök og aðilar vinnumarkaðarins á Austurlandi	
	▶ 6.1 Rauði kross Íslands – Austurland	26
	▶ 6.2 Heilbrigðismál	28
	▶ 6.3 Skattstofa Austurlands	29
	▶ 6.4 Sýslumannsembætti	29
	▶ 6.5 Verkalýðsfélög	30
	▶ 6.6 Vinnumálastofnun	31
32	7. kafli	
	Hlutverk ríkisstjórnar í móttöku og þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi	
35	8. kafli	
	Niðurlag - eftirfylgni	
37		Heimildaskrá
39	Viðauki I	
	Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi	
43	Viðauki II	
	Skilgreiningar	
45	Viðauki III	
	Dagskrá málþings um innflytjendamál	
47	Viðauki IV	
	Þátttakendur verkefnisins	



Inngangur

Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Próunarfélag Austurlands, ásamt fleiri hagsmunaaðilum, mátu stöðu innflytjenda (íbúa af erlendum uppruna) í austfirsku samfélagi og skiluðu af sér stöðugreiningu og tillögum til úrbóta til sveitarfélaga í lok árs 2002. Árið 2004 tóku sveitarfélög á Austurlandi þátt í könnun, sem birt var í skýrslunni *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* (Heiður Hrund Jónsdóttir o.fl., 2004), sem varð m.a. til þess að ráðist var í það verkefni sem þessi skýrsla heyrir undir. Samþykkt var á aðalfundi SSA árið 2005 að skipa starfshóp um málefni innflytjenda á Austurlandi, þar sem kanna átti stöðu þeirra í fjórðungnum og vinna skýrslu sem gæti verið nokkurs konar leiðarvísir fyrir sveitarfélög, fyrirtæki o.fl. Nauðsynlegt þótti að meta stöðuna, m.a. þar sem ekkert sveitarfélaganna hafði mótað sérstaka stefnu varðandi innflytjendur.

Á vordögum 2006 var stýrihópur skipaður og síðan hófst greiningarvinna. Frá þeim tíma hafa verið haldnir fundir hjá verkefnisstjórn, verkefnahópar hafa unnið og hagsmunaaðilar og sérfræðingar verið kallaðir til. Þann 26. september 2006 var viðamikil málþing um innflytjendamál haldið á Egilsstöðum og var það liður í vinnu hópanna, þar sem þeir kynntu niðurstöður sínar, innflytjendur fjölluðu um eigin reynslu og einstaklingar sem starfa við innflytjendamál héldu erindi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar fyrir sveitarstjórnarmönnum á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, en hann var haldinn á Hornafirði 6. og 7. október 2006. Í kjölfar málþingsins og kynningarinnar á aðalfundi SSA hefur verið unnið að skýrslu þessari.

Það er von skýrsluhöfunda að sú vinna og þær tillögur sem fram koma í skýrslunni muni nýtast sveitarfélögum og hagsmunaaðilum við stefnumótun í innflytjendamálum, ásamt því að aðilar utan Austurlands kynni sér og geti staðfært efni hennar. Ljóst er að ef standa á vel að innflytjendamálum þarf aukið fjármagn. Íslenska ríkið, sveitarstjórnir, fyrirtæki og hagsmunaaðilar þurfa að koma frekar að þeim þætti. Það er ósk verkefnisstjórnar og þeirra sem standa að verkefninu að þessi skýrsla verði gott innlegg í umræðuna um innflytjendamál, þær tillögur sem lagðar eru fram hér verði nýttar og framkvæmdar og við tökum öll höndum saman um að gera gott samfélag betra fyrir alla.

Meginmáli skýrslunnar má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi eru kynntar niðurstöður verkefnahópanna; Dregin eru fram helstu áhersluatriði hvers málaflokks og á eftir fylgja ítarlegri upplýsingar ásamt því að lagðar eru til leiðir til úrbóta. Í seinni hlutanum er fjallað um Rauða krossinn og starfsemi hans í innflytjendamálum. Lítillega er fjallað um opinberar stofnanir á Austurlandi og ýmsa er tengjast vinnumarkaði og er hann byggður á viðtölum og spurningum sem lagðar voru fyrir þau fyrirtæki og stofnanir sem fjallað er um. Einnig fylgir kafli, um hugmyndir að eftirfylgni, sem ætlaður er til leiðbeiningar um hvernig á að vinna verkefnið áfram og fylgja eftir þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni.

Viðhorf innflytjenda til aðstæðna á Austurlandi kemur fram í skýrslunni *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* (Heiður Hrund Jónsdóttir o.fl., 2004) og höfðu skýrsluhöfundar hana til hliðsjónar við gerð þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram. Helstu niðurstöður ummræddrar skýrslu eru dregnar fram í Viðauka I. Í Viðauka II eru útskýrðar nokkrar skilgreiningar á málum er tengjast innflytjendum, Viðauki III er dagskrá málþings um innflytjendamál sem haldið var á Egilsstöðum 26. september 2006 og í lokin er Viðauki IV sem hefur að geyma lista yfir þá sem unnu að verkefninu.





1. kafli

Helstu niðurstöður

Meðal brýnustu verkefna sveitarstjórna er að móta stefnu í málefnum innflytjenda. Stofnanir sveitarfélaganna þurfa að búa yfir aðgerðaáætlunum til að vinna eftir í samræmi við stefnuna og gera ráð fyrir fjármunum til málaflokksins í fjárhagsáætlunum sínum. Einnig þarf að leita leiða til að virkja íbúa af erlendum uppruna enn frekar til þátttöku í samfélaginu og sjá til þess að til staðar séu fjölbreytileg námskeið í íslensku, ekki síst fyrir fullorðna. Síðast en ekki síst er talið mikilvægt að sveitarfélögin búi yfir aðgengilegum upplýsingum um þjónustu sína, skyldur og réttindi íbúanna.

Mikilvægt er að atvinnurekendur séu vel upplýstir um málefni innflytjenda og upplýsi nýja starfsmenn um samfélagið og vinnustaðinn strax á fyrstu vinnudögum. Mikilvægt er að atvinnurekendur tilkynni sveitarfélögum þegar innflytjandi hefur störf. Fjölga þarf þýddum ráðningarsamningum. Námskeið um fjölmennningarlegan vinnustað þarf að halda á vinnustöðum og starfsfólk að hafa greiðan og góðan aðgang að upplýsingum þar, t.d. aðgang að Net-tengdri tölvu.

Menntamál eru fyrirferðarmikil þegar kemur að málefnum innflytjenda. Kallað er eftir úrræðum til bættrar íslenskukennslu. Líta verður á íslenskukennslu fyrir fullorðna sem hluta starfsmenntunar sem fari fram á dagvinnutíma nemendum að kostnaðarlausu, þar sem ríkið, atvinnurekendur og sveitarfélög ættu að standa straum af kostnaði við námskeið. Nauðsynlegt er að geta skipt nemendum í hópa eftir mótumálskunnáttu og einnig þarf að auka þjálfun fullorðinna utan kennslustunda. Það þarf að stuðla að viðhorfsbreytingu á vinnustöðum og í samfélaginu og rjúfa félagslega einangrun með ýmsum aðgerðum, bæði af hálfu fræðslustofnana, sveitarfélaga og frjálsra félaga.

Markvissa aðgerðaráætlun þarf að vinna í leik- og grunnskólum þar sem þjónustan taki mið af öllum nemendum og starfsfólki. Bæta þarf menntun starfsfólks á sviði fjölmennningarlegrar kennslu, móta þarf stefnu varðandi túlkþjónustu, svo að börn verði aldrei í túlkahlutverki. Tryggja þarf að nemendur af erlendum uppruna hljóti aðstoð við heimanám. Þegar kemur að málefnum framhaldsskóla þarf að stórauka íslenskukennslu og miða við hvern einstakling. Ríkið þarf að veita fé til skólanna miðað við fjölda erlendra nemenda. Gæta þarf sérstaklega að því að nemendur af erlendum uppruna einangrist ekki félagslega og fái tækifæri til að tjá sig við jafnaldra. Stórauka þarf aðstoð við erlenda nemendur á framhaldsskólastigi, með íslenskukennslu og aðstoð við heimanám.

Austurlandsdeild Rauða krossins hefur unnið gott starf í málefnum innflytjenda. Þar hefur verið unnið markvisst að því að auðvelda innflytjendum aðlögun á Íslandi, t.d. með aðstoð sjálfboðaliða. Fræðsluritið *Vegvísir* hefur einnig verið gefið út ásamt því að Rauði krossinn reynir að vera sýnilegur innflytjendum, t.d. með því að standa fyrir þjóðahátíðum. Einnig hefur Rauði krossinn aðstoðað við heimanám barna og greitt niður námskeið fyrir innflytjendur.

Opinberar stofnanir og aðilar vinnumarkaðar á Austurlandi hafa á síðustu misserum séð mikla aukningu innflytjenda í fjórðungnum. Þessir aðilar eru komnir mislangt á veg með að geta veitt innflytjendum fullnægjandi þjónustu, en þess ber þó að geta að þjónustuhlutverkið er að mörgu leyti mismunandi. Ljóst er að ýmislegt má betur fara í málefnum innflytjenda hjá þessum stofnunum og þar þarf ríkisvaldið að taka þátt. Íslenska ríkið hefur ekki verið nægilega öflugt í að veita fjármunum í verkefni tengd innflytjendum síðustu ár, þó svo að fjárveitingar hafi farið vaxandi. Einnig þarf að vinna að því að einfalda skráningu innflytjenda og gera hana skilvirkari, svo sem úthlutun kennitölu og útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa.

Aukið fjármagn er forsenda þess að hægt sé að halda áfram með þetta innflytjendaverkefni og þær tillögur sem tilteknar eru í skýrslunni. Til að vel verði þarf að taka málefni innflytjenda fastari, skilvirkari og skipulegri tókum. Sá hópur sem vann skýrsluna er tilbúinn til að vinna frekar að málinu og fylgja eftir þeim tillögum sem fram koma.



2. kafli

Málefni sveitarfélaga

	Alls*	Erlendir ríkisborgarar*
Seyðisfjörður	726	45
Fjarðabyggð	5705	1797
Vopnafjarðarhreppur	712	13
Fljótsdalshreppur	524	436
Borgarfjarðarhreppur	146	12
Breiðdalshreppur	244	29
Djúpavogshreppur	463	28
Fljótsdalshérað	4644	1510
Sveitarfélagið Hornafjörður	2186	97
Alls	15350	3967

*Bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands – 1. desember 2006

Austurland samanstendur af níu sveitarfélögum. Þau eru flest nátengd sjónum og sjávarútvegi, ásamt því að þar eru stór og öflug landbúnaðarhéruð. Þar eru byggðakjarnar á borð við Egilsstaði sem gegna mikilvægu þjónustuhlutverki. Mikil uppsveifla hefur verið á Austurlandi síðustu misseri, ekki síst vegna þess að mannaauður hefur eflst vegna nýrra atvinnutækifæra (t.d. í ferðaþjónustu) og virkjunar- og álversframkvæmda. Þessi breyting hefur orðið á tiltölulega stuttum tíma og hefur kallað á aukið vinnuafl þar á meðal fjölda erlendra ríkisborgara.

Helstu áherslur

Það er niðurstaða starfshópsins að brýnustu verkefni sveitarfélaga varðandi málefni íbúa af erlendum uppruna séu eftirfarandi:

- ▶ Að sveitarfélögin móti sér stefnu í málefnum íbúanna og stofnanir þeirra búi yfir aðgerðaráætlunum til að vinna í samræmi við stefnuna.
- ▶ Að gert sé ráð fyrir fjármunum til málaflokksins á fjárhagsáætlunog mælir starfshópurinn með því að málefni íbúa af erlendum uppruna verði vistuð undir málaflokki O2-félagsþjónustu.
- ▶ Að leitað sé allra leiða til að virkja íbúa af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu.
- ▶ Að til staðar séu fjölbreytileg námskeið í íslensku, ekki sist fyrir fullorðna, og að íbúarnir séu hvattir til að sækja þau.
- ▶ Að sveitarfélögin búi yfir aðgengilegum upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins, skyldur og réttindi íbúanna.

Börn og unglingar, málefni grunnskóla:

- ▶ Vinna þarf að markvissri stefnumótun þar sem þjónustan tekur mið af öllum nemendum og starfsfólki. Einnig þarf að koma í veg fyrir að börn gegni túlkahlutverki (t.d. í foreldraviðtölum í skólum).
- ▶ Efla þarf menntun starfsfólks á sviði fjölmenningskennslu.
- ▶ Tryggja þarf að nemendur af erlendum uppruna hljóti aðstoð við heimanám.

Sveitarfélög móti sér stefnu um málefni íbúa af erlendum uppruna

⚠ *Ástæða:* Sveitarfélög þurfa að móta sér fjölmenningsstefnu þar sem áhersla er m.a. lögð á virka þátttöku íbúanna í samfélaginu, jafnrétti og gagnkvæma virðingu í samskiptum fólks af mismunandi uppruna.

👉 *Leiðir til úrbóta:* Hægt er að hafa til hliðsjónar þær fjölmenningsstefnur sem sveitarfélög hafa þegar gert. Reykjavíkurborg fór t.d. þá leið vorið 2006 að útbúa mannréttindastefnu þar sem fjölmenningsstefna og jafnréttisstefna eru unnar saman. Engu að síður er mikilvægt að raunveruleg vinna og umræða eigi sér stað í hverju sveitarfélagi fyrir sig og að skipaður verði starfshópur sem beri ábyrgð á gerð stefnunnar.

Mikilvægt er að ákveðin nefnd sveitarfélagsins fari með málefni íbúa af erlendum uppruna, t.d. *félagsmálanefnd*, *jafnréttisnefnd* eða *bæjarráð*, eftir því hvernig til háttar í hverju sveitarfélagi. Þá er mikilvægt að ákveðinn starfsmaður haldi utan um málaflokkinn þar sem aðstæður leyfa. Loks er nauðsynlegt að starfsfólk sveitarfélaganna, t.d. starfsfólk í anddyri, hjá félagsþjónustunni eða á bókasólfnum, hafi vissa lágmarksþekkingu á málefnum og þjónustu tengdri íbúum af erlendum uppruna. Þeirrar þekkingar má t.d. afla í samstarfi við Alþjóðahúsið. Gera þarf ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun sveitarfélaga til þessa málaflokks. Fjármuni getur t.d. þurft til aðgerða í einstökum stofnunum, svo sem til að koma til móts við þarfir nemenda í leik- og grunnskólum, til að efla túlkajónustu o.fl.

👉 *Ábyrgð:* Sveitarfélög

Þátttaka og virkni íbúa af erlendum uppruna

❗ *Ástæða:* Eitt mikilvægasta verkefnið er snýr að íbúum af erlendum uppruna er að leita allra leiða til að efla þátttöku þeirra og virkni í samfélaginu. Allt of mörg dæmi eru um að einstaklingar eða hópar einangrist. Hér gegna sveitarfélagið og stofnanir þess mikilvægu hlutverki. Upplýsa mætti erlenda starfsmenn sveitarfélaganna sérstaklega um þjónustu og stjórnsýslu þeirra. Þessir einstaklingar eru oft virkir þátttakendur í samfélaginu og gætu því miðlað upplýsingum til samlanda sinna.

Bókasöfn

Mikilvægt er að innflytjendur séu upplýstir betur um þjónustu bókasafna og að þeir geti þar nálgast upplýsingar og bækur á sem flestum tungumálum. Millisafnalán geta komið þar að gagni. Þá er rétt að skoða hvort ekki megi virkja starfsfólk bókasafna til að veita íbúum af erlendum uppruna almennar upplýsingar um samfélagið. Á bókasöfnum er einnig mikilvægt að íbúar af erlendum uppruna hafi aðgang að Netþjónustu. Sveitarfélögin eiga að tryggja að þjónusta bókasafna við íbúa af erlendum uppruna verði eflid.

Þjónusta bókasafna:

- ▶ Bókasöfnin, sem eru upplýsingamiðstöðvar hvers sveitarfélags, þurfa að taka að sér stærra hlutverk í upplýsingamiðlun til útlendinga.
- ▶ Upplýsingar um samfélagið ættu að liggja frammi á ýmsum tungumálum.
- ▶ Starfsfólk bókasafnanna þarf þjálfun til að taka að sér þessa auknu þjónustu.
- ▶ Gögn á ýmsum tungumálum ættu einnig að vera í boði á bókasöfnum fjórðungsins.

👉 *Leiðir til úrbóta:* Mjög mikilvægt er að efla túlkþjónustu við innflytjendur ef á að virkja þá meira innan samfélaga.

Auka þarf samvinnu atvinnurekenda og sveitarfélaga, þar sem atvinnurekendur eru oft lykilaðilar þegar um málefni innflytjenda er að ræða. Ábyrgð atvinnurekenda er mikil þegar kemur að því að upplýsa starfsfólk og sveitarfélög, strax við komu, svo hægt sé að kynna þjónustu fyrir nýjum íbúum. Í þeirri viðleitni að efla tengsl sveitarfélags og íbúa af erlendum uppruna hefur víða reynst árangursríkt að íbúarnir hafi með sér samtök eða eigi sér málsvara. Kanna þarf hvort Rauði krossinn geti stuðlað að stofnun samtaka íbúa af erlendum uppruna sem yrði þeirra málsvari við að fóta sig í íslensku samfélagi. Einnig er mikilvægt að Menningarráð Austurlands efla tengsl mismunandi menningarheima innan fjórðungsins og hvetji fólk til samstarfs í menningarmálum.

👉 *Ábyrgð:* Sveitarfélög stjórni verkefninu. Atvinnurekendur sýni meiri ábyrgð og Menningarráð Austurlands skoði leiðir til að ná enn frekar til innflytjenda (t.d. með auglýsingum á mörgum tungumálum).

Upplýsingar til íbúa af erlendum uppruna

❗ *Ástæða:* Mikið skortir á að til séu upplýsingar um þjónustu fyrir íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélögum, réttindi og skyldur íbúanna og samfélagið almennt. Ekki virðist heldur mikið gert til að koma upplýsingum til innflytjenda. Afar mikilvægt er að til staðar séu aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga.

👉 *Leiðir til úrbóta:*

- ▶ Fjölmenningssetrið á Ísafirði undirbýr nú upplýsingar á nokkrum tungumálum um þjónustu sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að þær verði á heimasíðu setursins (www.fjolmenningarsetur.is). Þegar upplýsingarnar liggja

fyrir geta einstök sveitarfélög nýtt sér þær með Nettengingu eða með því að afrita upplýsingarnar til eigin nota. Í fámennum sveitarfélögum eins og á Austurlandi er mögulegt að tekið verði á móti nýjum íbúa af erlendum uppruna með persónulegum hætti. Við þær aðstæður má upplýsa viðkomandi um helstu atriði samfélagsins, þjónustu, réttindi og öðrum upplýsingum.

- ▶ Hægt væri að fela ákveðnum starfsmanni sveitarfélagsins móttökuhlutverk. Með þessum hætti mætti ná mun skjótar til innflytjenda og flýta fyrir tengslum og þátttöku þeirra í samfélaginu. Móttakan væri með þeim hætti að um leið og sveitarfélag hefur fengið upplýsingar um búsetu íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu, sé viðkomandi sent bréf þar sem boðið er upp á heimsókn starfsmanns sveitarfélags til íbúans eða að íbúanum væri boðið á skrifstofu sveitarfélagsins. Þessu bréfi mætti fylgja eftir með símtali.
- ▶ Lagt er til að sveitarfélögin á Austurlandi gefi sameiginlega út bækling um helstu atriði í þjónustu sveitarfélaga og um önnur samfélagsmál á svæðinu, auk helstu upplýsinga um einstök sveitarfélög. Bæklingur þessi verði á þremur til fjórum tungumálum. SSA hafi forgöngu um málið fyrir hönd sveitarfélaganna. Sveitarfélög eru einnig hvött til að auglýsa, t.d. menningarviðburði, á fleiri málum en íslensku.

● *Ábyrgð:* Sveitarfélög og SSA.

Íslenskukunnátta innflytjenda

❗ *Ástæða:* Það er staðreynd að góð íslenskukunnátta íbúa af erlendum uppruna er einn mikilvægasti þátturinn sem hefur áhrif á hvernig til tekst með þátttöku einstaklinga í samfélaginu og hvernig þeim farnast.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Mikilvægt er að sveitarfélög beiti sér fyrir því að ætíð sé til staðar fullnægjandi framboð á námskeiðum í íslensku. Námskeiðin þurfa að taka mið af fjölbreytilegum bakgrunni einstaklinga, auk þess sem hægt þarf að vera að bæta stöðugt kunnáttu í málinu. Sveitarfélögin þurfa að vera tilbúin til að niðurgreiða námskeið í íslensku eða að greiða þau að fullu. Til greina kemur að sveitarfélag og atvinnurekendur komi sér saman um með hvaða hætti staðið verði sem best að þessum málum. Atvinnurekendur gætu jafnvel tengt þátttöku í íslenskunámskeiðum starfsmanna við launaþróun þeirra. Þá væri árangursríkt að halda íslenskunámskeið á vinnutíma og einnig að stuðla að því að innflytjendur fengju þjálfun í daglegri umræðu.

Þá er mikilvægt að íbúum af erlendum uppruna sé við fyrsta tækifæri gerð grein fyrir möguleikum þeirra til að læra íslensku. Heppilegt er að Þekkingarneti Austurlands sé falið að útfæra og bjóða upp á íslenskukennslu í samstarfi við sveitarfélögin.

● *Ábyrgð:* Sveitarfélög, atvinnurekendur og Þekkingarnet Austurlands

2.1 Börn og unglingar

Mikilvægt er fyrir sveitarfélög og aðra hagsmuna- og ábyrgðaraðila að huga vel að málefnum innflytjenda af yngri kynslóðinni svo aðlögun gangi vel fyrir sig, og þá sérstaklega varðandi íslenskukennslu og önnur mál tengd leik- og grunnskólum.

Kveðið er á um í barnaverndarlögum (nr. 80/2002) að sveitarstjórnir eigi að móta sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir hvert kjörtímabil. Mikilvægt er að stefnan taki einnig mið af börnum er tala enga eða litla íslensku og/eða eiga foreldra sem tala enga eða litla íslensku. Áhersla er lögð á að eitt af hlutverkum barnaverndarnefnda sveitarfélaga er að leggja fram tillögur sem stuðla að því að veita börnum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því markmiði.

Upplýsingagjöf til foreldra/forráðamanna

⚠ *Ástæða:* Foreldrar og nemendur af erlendum uppruna þurfa að eiga kost á að fá allar upplýsingar um skólastarfið á sínu tungumáli fyrstu árin.

👉 *Leiðir til úrbóta:*

- ▶ Túlkaþjónusta er sjálfsögð í þeim tilfellum þar sem ekki er um sameiginlegt tungumál skóla og foreldra. Virða þarf rétt beggja foreldra til upplýsinga um námsgengi barns og boða túlka í viðtöl jafnvel þó að annað foreldri sé íslenskt.
- ▶ Helstu upplýsingar um starfshætti skóla, sérstöðu og meginmarkmið þurfa að liggja fyrir á tungumáli allra nemenda. Til þess þurfa skólastofnanir fjárhagslegt svigrúm til að láta þýða efni sem snertir skólann sérstaklega og skólastarf. Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur á heimasíðu sinni almennt efni á ýmsum tungumálum um starfsemi grunn- og leikskóla sem nýtast í almennri upplýsingagjöf. Það efni er samt sem áður fyrst og fremst sniðið út frá Reykjavík (sjá nánar á www.rvk.is undir mennta- og leikskólasvið).
- ▶ Upplýsingastreymi þarf að vera virkt milli skrifstofu sveitarfélagsins og hinna ýmsu stofnanna þess, s.s. skóla og félagsmiðstöðva þannig að veita megi einstaklingum sem besta þjónustu.

👉 *Ábyrgð:* Grunnskólar (Sveitarstjórnir).

Stefnumörkun vegna íslenskukennslu

⚠ *Ástæða:* Í dag er lítið á nemendur með íslensku sem annað tungumál sem nemendur með sérþarfir. Þetta skapar hættu á stimplun og því að lítið sé á nemendur sem annars flokks. Einangrun hópa fólks af erlendum uppruna í samfélaginu er einnig til staðar.

👉 *Leiðir til úrbóta:* Vinna þarf að frekari stefnumörkun íslenskukennslu innan skólanna og tengja hana betur samfélaginu. Þjónustan innan skólanna þarf að taka mið af öllum nemendum og starfsfólki. Ekki er vænlegt að horfa eingöngu á nemendur og innflytjendur, heldur þarf að vinna með alla nemendur og starfsfólk og undirbúa fólk betur undir að lifa og starfa í fjölmennningarlegu umhverfi. Veita þarf innflytjendum aðgengi að öllum störfum í samfélaginu til þess að forðast

lagskiptingu og auka þarf aðgengi að störfum í samræmi við menntun. Skólinn getur verið fyrirmynd í þessu efni.

- *Ábyrgð:* Sveitarfélög, menntamálaráðuneyti og skólaskrifstofur.

Íslenskukennsla í leik- og grunnskólum

- *Ástæða:* Öll börn í leik- og grunnskólum þurfa markvissa íslenskukennslu.

● *Leiðir til úrbóta:* Markviss þjálfun sem kemur til viðbótar því tungumálanámi sem fer fram í leik og starfi. Kennsluaðferðir taki mið af aldri og þroska nemenda. Um inntak kennslunnar er kveðið á í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Reglugerð nr. 3891/1996 kveður á um íslenskukennslu nemenda í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku. Sveitarfélög ákveða hversu mikinn stuðning og kennslu nemendur fá í íslensku sem öðru tungumáli. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir einungis mótframlag til nemenda grunnskóla, en nemendur leikskóla þurfa einnig á markvissri íslenskukennslu að halda.

- *Ábyrgð:* Sveitarfélög (leikskólar/grunnskólar).

Niðurstöður könnunar sem gerð var meðal sveitarfélaga á Austurlandi vorið 2006*

Börn af erlendum uppruna á Austurlandi		Leikskóli	Grunnskóli	Er kennsla í móðurmáli barna af erlendum uppruna í sveitarfélaginu?
Fjarðabyggð	<i>Eskifjörður</i>	13	15	nei
	<i>Neskaupstaður</i>	7		vantar upplýsingar
	<i>Reyðarfjörður</i>	12	1	enska
Fljótshálsa		10	23	nei
Austurbyggð	<i>Fáskrúðsfjörður</i>	8	16	nei
	<i>Stöðvarfjörður</i>	0	8	nei
Djúpivogur		4	9	pólska, norska, enska, danska
Breiðdalshreppur		0	5	enska
Seyðisfjörður		0	3	nei
Vopnafjörður		1	2	nei
Fljótshálsa		0	1	enska
Hornafjörður		7	19	ekki núna
Borgarfjörður		3		nei

* Sveitarfélögum fækkaði í níu í maí 2006.

Félagsleg aðlögun og móðurmálskennsla

❗ *Ástæða:* Erlendar rannsóknir sýna að sterk staða í móðurmáli er forsenda þess að nemendur nái góðum tókum á öðru tungumáli og að hún auðveldi að læra önnur tungumál. Kveðið er á um kennslu á upprunamáli, móðurmálskennslu, í 5. grein reglugerðar nr. 391/1996 um íslenskukennslu í skólum. Þar kemur fram að þar sem því verði við komið skuli nemendur fá móðurmálskennslu með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar og í samráði við forráðamenn.

Þátttaka nemenda af erlendum uppruna er oft lítil í skipulögðu félags- og tómstundastarfi. Þátttaka í slíku starfi er þroskandi og eflir einstaklinginn auk þess sem hún byggir upp félagsleg tengsl.

👉 *Leiðir til úrbóta:*

- ▶ Efla þarf kunnáttu nemenda af erlendum uppruna í móðurmáli sínu með því að sinna þeirri móðurmálskennslu innan skólans. Meginmarkmið kennslunnar er að viðhalda móðurmáli nemenda og að gefa nemendum tækifæri til þess að læra á móðumálinu.
- ▶ Hafa þarf í huga að í samskiptum heimila og skóla þarf ekki einungis að yfirvinna hindranir sem tengjast tungumáli, heldur er stundum um menningarárækstra að ræða. Upplýsingar um félags- og tómstundastarf þurfa að vera aðgengilegar fyrir foreldra. Sveitarfélag þarf að sjá um að úthluta nýjum nemendum á aldrinum fimm – 15 ára frístundakorti fyrsta búsetuár þeirra í sveitarfélaginu. Kortið sé inneign í tómstundastarfi, s.s. íþróttum eða tónlistarskóla. Með þessu móti getur sveitarfélagið lagt áherslu á mikilvægi félagslegrar aðlögunar og þátttöku allra barna í félags- og tómstundastarfi.
- ▶ Leggja þarf áherslu á að styrkja nemendur af erlendum uppruna félagslega. Í þeim tilgangi væri m.a. hægt að gefa nemendum innan landsfjórðungs færi á að hittast og kynnast og þannig byggja upp samskipti milli þeirra. Móðurmálskennsla gæti tengst skipulagðri samveru.

🕒 *Ábyrgð:* Sveitarfélög. Ákjósanlegt væri að stefna yrði mótuð fyrir landið í heild, þar sem hægt væri að miðla upplýsingum milli hagsmunaaðila.

Menntun starfsfólks leik- og grunnskóla

❗ *Ástæða:* Í dag er ráðgjöf veitt skólunum m.a. af Skólaskrifstofu Austurlands og kennsluráðgjafa í nýbúakennslu sem staðsett er hjá Reykjavíkurborg, en vegna þess að í mörgum skólum er lítil festa kringum þennan málaflokk þarf oft að byrja uppá nýtt á hverju hausti. Með þessu móti nýtist ekki reynsla og áunnin þekking á málaflokknum.

👉 *Leiðir til úrbóta:* Efla þarf menntun starfsfólks á sviði fjölmenningskennslu. Einnig þarf að stuðla að því að festa þekkingu innan stofnana með því að skapa hlutverk, s.s. kennara sem hafa umsjón með námi nemenda af erlendum uppruna.

Vinna þarf markvisst innan skólanna að því að endurskoða starfshætti þannig að þeir henti öllum nemendum, þar með talið nemendum með íslensku sem annað tungumál. Líta þarf á komu nemenda af erlendum uppruna sem viðfangsefni alls skólasamfélagsins þar sem allir kennarar og allt starfsfólk er íslenskukennarar.

- *Ábyrgð:* Sveitarfélög, menntamálaráðuneyti, Kennaraháskóli Íslands, skólaskrifstofur og Þekkingarnet Austurlands.

Aðstoð við heimanám

! *Ástæða:* Tryggja þarf að nemendur af erlendum uppruna hljóti aðstoð við heimanám þar sem þess gerist þörf. Ástæðurnar geta verið margvíslegar en sú algengasta er tungumálaerfiðleikar þar sem barn og/eða foreldri skilur ekki námsefnið.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Árangursríkast er ef foreldrar og nemendur geta notið leiðsagnar saman, þannig að foreldrar læri með barni sínu og sé hjálpað til sjálfshjálpar. Samvinna við starfsdeildir Rauða krossins hefur gefið góða raun. Einnig mætti leita samstarfs við foreldrafélög.

● *Ábyrgð:* Sveitarfélög. Ákjósanlegt væri að stefna yrði mótuð fyrir landið í heild, þar sem hægt væri að miðla upplýsingum milli hagsmunaaðila.

16





3. kafli

Ábyrgð og þjónusta atvinnurekenda

Helstu áherslur

- ▶ Mikilvægt er að atvinnurekendur séu vel upplýstir um innflytjendamál
- ▶ Fjölga þarf þýðingum á ráðningarsamningum
- ▶ Tilkynning atvinnurekenda til sveitarfélaga þegar innflytjandi hefur störf
- ▶ Starfsfólk hafi aðgang að upplýsingum á vinnustöðum
- ▶ Námskeið um fjölmennningarlegan vinnustað á vinnustöðum
- ▶ Góðar upplýsingar frá atvinnurekendum
- ▶ Innflytjendur fái menntun frá heimalandi metna
- ▶ Viðurkenningar veittar þeim sem standa sig vel í upplýsingamiðlun til innflytjenda

Svar Félagsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi, des. 2006.

(133. löggjafarþing 2006–2007. Þskj. 426 – 310. mál.):

„Frá 1. janúar 2006 til 1. október 2006 er áætlað að um það bil 10.000 erlendir ríkisborgarar hafi komið til starfa á innlendum vinnumarkaði en af þeim hafi 2.772 fengið tímabundið atvinnuleyfi, 2.449 hafi verið skráðir sem nýir á innlendum vinnumarkaði hjá Vinnumálastofnun og sem ríkisborgarar frá nýju aðildarríkjunum að Evrópska efnahags-svæðinu. Frá starfsmannaleigum hafa Vinnumálastofnun borist 1.056 tilkynningar um erlenda starfsmenn. Því má gera ráð fyrir að um 16.000 erlendir ríkisborgarar starfi hér á landi um þessar mundir.“ Af þessum 16.000 má gera ráð fyrir að töluverður hluti starfi á Austurlandi, m.a. vegna þeirra miklu framkvæmda sem eiga sér stað í fjórðungnum.

Mikilvægt að atvinnurekendur séu vel upplýstir

❗ *Ástæða:* Með því að atvinnurekendur séu vel upplýstir varðandi innflytjendamála má gera ráð fyrir því að þeir verði betur í stakk búinir til að taka á móti innflytjendum. Brögð eru að því að atvinnurekendur þekki ekki til fulls skyldur sínar og kvaðir gagnvart komu innflytjenda til Íslands og þyrftu því að geta nálgast öll lög, reglugerðir og upplýsingar um innflytjendur á einum stað. Ýmsar upplýsingar eru fyrir hendi en það er á ábyrgð hvers atvinnurekanda að kynna sér hverjar skyldur hans eru.

▶ *Leiðir til úrbóta:*

- ▶ Með því að hafa miðlægan gagnagrunn á Netinu gætu atvinnurekendur nálgast allar upplýsingar á einum stað. Hægt væri að notast við fyrirhugaða upplýsingasiðu stjórnvalda, www.island.is. Á heimasíðu Vinnuálastofnunar www.vinnuálastofnun.is er hægt að nálgast lög og reglugerðir er varða réttindi og skyldur atvinnurekenda, sem og útlendinga, og þyrfti mögulega að kynna þá leið fyrir atvinnurekendum.
- ▶ Stjórnvöld útvegi atvinnurekendum meira af kynningarefni í formi bæklinga og auglýsinga.
- ▶ Atvinnurekendur þurfa að hafa aðgang að því að prenta upplýsingar á nokkrum tungumálum fyrir starfsfólk.

🕒 *Ábyrgð:* Íslensk stjórnvöld sjái um bættu upplýsingagjöf til atvinnurekenda og bendi þeim á skyldur þeirra, t.d. með auglýsingum. Samtök atvinnulífsins þurfa einnig að leggja sitt af mörkum.

Atvinnurekendur tilkynni til sveitarfélaga þegar innflytjandi hefur störf

❗ *Ástæða:* Komið hefur fyrir að nýir íbúar sveitarfélaga átti sig ekki á eða gleymi að tilkynna sig hjá sínu sveitarfélagi, m.a. vegna þess að þá skortir upplýsingar um hvar það sé gert. Þetta getur valdið því að innflytjendur fari á mis við þá þjónustu sem boðið er upp á, lendi þ.a.l. í óþarfa erfiðleikum við að aðlagast samfélaginu og eigi einnig erfiðara með að afla sér upplýsinga um réttindi sín. Einnig er mikilvægt fyrir sveitarfélög að hafa, og fá, upplýsingar um fjölda innflytjenda og nýja innflytjendur í sveitarfélaginu svo þau geti sinnt þeirri þjónustu sem þau eru skyldug til að veita.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Atvinnurekendur láti viðkomandi sveitarfélög vita þegar starfsmaður, sem ekki hefur unnið á Íslandi áður, hefur störf svo sveitarfélög geti hafið kynningarstarf gagnvart viðkomandi einstaklingi og fjölskyldu hans. Þetta væri hægt að framkvæma með tölvupósti, símtali, bréfpósti eða skráningu í gegnum heimasíðu sveitarfélags.

🕒 *Ábyrgð:* Atvinnurekendur, starfsfólk sem tekur á móti nýju fólki í vinnu.

Starfsfólk hafi aðgang að tölvu/Netaðgang og upplýsingum á vinnustöðum

❗ *Ástæða:* Aðgengi starfsfólks að tölvu/Neti er misjafnt og hafa sumir enga tengingu við Netið. Ennfremur hafa innflytjendur oft ekki tæk á því að afla sér upplýsinga utan vinnutíma.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Sett verði upp tölva með Netaðgangi á vinnustöðum, t.d. á kaffistofum, þar sem starfsfólki gefst kostur á því að vafra um Netið, skoða tölvupóst og t.d. leita upplýsinga um réttindi sín ásamt því að viðhalda móturmálskunnáttu sinni. Skapist þörf á að koma upplýsingum á framfæri til innflytjenda, t.d. frá verkalýðsfélögum og/eða sveitarfélögum, þá séu þær hengdar upp á vinnustöðum og jafnvel einnig auglýstar í blöðum og verslunum. Einnig hefur sjónvarp reynst vel, t.d. í Svíþjóð, við upplýsingamiðlun til innflytjenda.

● *Ábyrgð:* Atvinnurekendur, verkalýðsfélög/sveitarfélög.

Námskeið fyrir starfsmenn um fjölmennningarlegan vinnustað

! *Ástæða:* Mikilvægt er að starfsmenn séu tilbúnir að taka á móti innflytjendum og séu meðvitaðir um hvernig megi byggja upp góðan vinnuanda.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Námskeið verði haldið af Alþjóðahúsi og/eða Rauða krossinum (*Viðhorf og virðing*) og kostað af atvinnurekendum, Samtökum atvinnulífsins og Landsmennt (starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni).

● *Ábyrgð:* Atvinnurekendur, Samtök atvinnulífsins.

Upplýsingar veittar í fyrsta viðtali atvinnurekanda og starfsmanns

! *Ástæða:* Allir aðilar hafa hag af því að starfsmenn séu öruggir með sig og sína. Því ætti að vera mikið lagt upp úr því að starfsmenn fái sem mestar og bestar upplýsingar strax í fyrsta starfsviðtalinu. Þar verði t.d. nýju starfsfólki vísað á aðila sem veita upplýsingar um samfélagið (Sveitarfélög, upplýsinganetsíður o.s.frv.).

▶ *Leiðir til úrbóta:* Atvinnurekendur komi sér upp gátlista, jafnvel í samstarfi við sveitarfélög, sem hafi að geyma helstu punkta sem fram þurfa að koma í viðtölum.

● *Ábyrgð:* Atvinnurekendur (sveitarfélög).

Atvinnurekendur séu meðvitaðir um að innflytjendur fái menntun frá sínu heimalandi metna

! *Ástæða:* Samkvæmt skýrslu um *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* frá árinu 2004 var hátt hlutfall svarenda, eða 88%, sem taldi menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og 84% svarenda höfðu ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi. Helsta ástæðan fyrir því að menntun nýttist ekki virtist vera að innflytjendur skorti meiri kunnáttu í íslensku.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Atvinnurekendur hvetji innflytjendur og ráðningarskrifstofur til að leggja fram gögn sem staðfesti menntun starfsfólks.

● *Ábyrgð:* Innflytjendur/ráðningarskrifstofur – atvinnurekendur.

Kraftur verði settur í að þýða ráðningarsamninga

⚠ *Ástæða:* Samkvæmt skýrslu um *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* frá árinu 2004 höfðu um 80% svarenda, í könnun sem gerð var meðal innflytjenda, skrifað undir ráðningarsamning. Eitt það athyglisverðasta í því sambandi var að 62% höfðu ekki skilið samninginn að hluta til eða að öllu leyti. Því er gríðarlega mikilvægt að ráðningarsamningar séu þýddir á sem flest tungumál. Í dag eru þeir til á ensku og pólsku.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Ráðningarsamningar verði þýddir á fleiri tungumál svo að sem flestir séu meðvitaðir um hvað þeir skrifa undir.

● *Ábyrgð:* Íslensk stjórnvöld, Vinnumálastofnun, Samtök atvinnulífsins og verkalýðsfélög.

Viðurkenningar veittar fyrir tækjum/félagasamtökum sem standa sig vel í upplýsingamálum innflytjenda á Austurlandi

⚠ *Ástæða:* Það þarf oft litla hvatningu til að vekja fólk til umhugsunar um málefni innflytjenda og gera vel í þeim efnum. Viðurkenningar fyrir vel unnin störf eru ein leið til þess.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Árlega verði veitt viðurkenning með hátiðlegri athöfn og tilheyrandi fréttáflutningi.

● *Ábyrgð:* Þróunarfélag Austurlands og SSA.



4. kafli

Íslenskunám fyrir fullorðna

Helstu áherslur

Framhaldsskólar:

- ▶ Stórauka þarf íslenskukennslu og miða hana meira við hvern einstakling.
- ▶ Ríkið þarf að veita fé til skólanna miðað við fjölda erlendra nemenda.
- ▶ Gæta þarf þess að nemendur af erlendum uppruna einangrist ekki félagslega.
- ▶ Stórauka þarf aðstoð við erlenda nemendur á framhaldsskólastigi með aukinni íslenskukennslu og aðstoð við heimanám.
- ▶ Nemendur þurfa aukna hugtakaþjálfun með aðstoð móðurmálsins eftir því sem lengra líður á námið. Námsfni á móðurmálinu ætti að vera til staðar í hverri námsgrein.

Íslenskukennsla fyrir fullorðna:

- ▶ Lítið verði á íslenskukennslu sem hluta starfsmenntunar sem fari fram á dagvinnutíma og nemendum að kostnaðarlausu.
- ▶ Ríkið, atvinnurekendur og sveitarfélög ættu að standa straum af þeim kostnaði sem námskeið hafa í för með sér.
- ▶ Nauðsynlegt er að geta skipt nemendum í hópa eftir getu og móðurmáli.

- ▶ Auka þarf til muna þjálfun fullorðinna utan beinna kennslustunda. Þar þarf að koma til viðhorfsbreyting á vinnustöðum og í samfélaginu, m.a. með starfstengdu námi.
- ▶ Félagslega einangrun útlendinga þarf að rjúfa með ýmsum aðgerðum, bæði fræðslustofnana, sveitarfélaga og frjálsra félaga.

Tengsl við móðurmálið - upplýsingagjöf

❗ *Ástæða:* Auka þarf aðstoð við nemendur á efri stigum framhaldsskólans vegna hugtakþjálfunar sem verður æ erfiðari eftir því sem líður á námið. Fullorðnir jafnt sem börn og unglingar þurfa að hafa aðgang að textum á móðurmálinu.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Bókasöfn útvegi fleiri bækur á erlendum tungumálum. Með greiðum aðgangi og samskráningu safna ætti að vera auðvelt að sameinast um verkefnið þannig að hvert safn einbeiti sér að því að útvega efni á einu til tveimur tungumálum sem síðan væri lánað á milli safna.

🕒 *Ábyrgð:* Sveitarfélög þyrftu að hafa þá skyldu að upplýsa hvern einstakling sem flytur í sveitarfélagið um þá þjónustu/sérþjónustu sem stendur til boða, t.d. þjónustu bókasafna.

Aðstoð vegna náms/heimanáms

❗ *Ástæða:* Hætt er við ýmiss konar erfiðleikum innflytjenda t.d. einangrun frá öðrum nemendum ef þeir lenda í vandræðum með nám/heimanám.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Stórauka þarf aðstoð við erlenda nemendur á framhaldsskólastigi með aukinni íslenskukennslu, aðstoð við heimanám og auknu framboði á námsefni á erlendum málum þar sem það á við. Þörf er fyrir að mynda teymi bæði jafningja og faghópa innan skólans til að nemandi fái nægilega þjálfun í að tjá sig og eflast félagslega.

Fullorðnir nemendur sem eingöngu eru í íslenskunámi þurfa mikla þjálfun í íslensku utan eiginlegra kennslustunda. Íslenskunám mætti efla og bæta með aðstoð sjálfbóðaliða sem heimsæktu viðkomandi eða byðu nemendum heim til að spjalla.

🕒 *Ábyrgð:* Menntastofnanir (skólar, þekkingarnet)

Íslenskukennsla

❗ *Ástæða:* Ónóg íslenskukunnátta stendur mörgum innflytjendum, sem vilja aðlagast íslensku samfélagi, fyrir þrifum.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Stórauka þarf íslenskukennslu í framhaldsskólum og miða meira við hvern einstakling en nú er. Til þess þarf fjárveitingu frá ríkinu og miða við fjölda erlendra nemenda. Fullorðnir nemendur sem fara á námskeið á vegum símenntunarstofnana þyrftu að fá þau metin sem starfsmenntun og þar af leiðandi geta lært á dagvinnutíma eins og á öðrum starfstengdum námskeiðum. Námskeiðin ættu að vera þeim að kostnaðarlausu og kostnaðurinn þyrfti að skiptast á milli menntunarsjóða atvinnulífsins, ríkisins og atvinnurekenda. Hafi nemandi engin réttindi, og/eða ekki í vinnu ætti ríkið alfarið að greiða kostnaðinn hafi viðkomandi dvalarleyfi. Nauðsynlegt er að geta skipt nemendum í hópa eftir getu og mismunandi málsvæðum. Í dag þurfa nemendur af asískum uppruna og nemendur með indóevrópsk mál að læra í sama hópi þar sem ekkert tillit er tekið til mismunandi þarfa nemendanna.

● *Ábyrgð:* Íslensk stjórnvöld.



5. kafli

Túlkapjónusta

Eins og minnst er á fyrr í skýrslunni er túlkun og túlkapjónusta eitt helsta verkefnið sem við kemur bættri aðlögun innflytjenda. Vegna mikilvægis málaflokksins þótti rétt að draga túlkun og túlkapjónustu saman í sérstakan kafla.

⚠ *Ástæða:* Nýir íbúar af erlendum uppruna þurfa af og til, vegna skorts á málakunnáttu, aðstoð við að skilja og tjá sig við ýmsar aðstæður. Því er mikilvægt að til staðar sé aðgengileg túlkapjónusta.

▶ *Leiðir til úrbóta:* Miklu skiptir að túlkapjónusta sé veitt á faglegum forsendum enda stundum verið að fjalla um viðkvæm mál. Þjálfar þarf fólk til að veita þessa þjónustu, einstakar stofnanir þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi þjónustunnar og við hvaða aðstæður þörf er á að bjóða upp á hana. Hér skiptir ekki síst máli að ná til barnafjölskyldna og að skólar nýti þessa þjónustu með skipulegum og virkum hætti.

Æskilegt er að hjá sveitarfélögum séu til reglur um hvenær nota skuli túlka í samtölum og einnig má velja því fyrir sér hvort sveitarfélög eigi ekki með einhverjum hætti að ráða yfir slíkri þjónustu sjálf. Gæta þarf þess þó að við sumar aðstæður er túlkun mjög viðkvæm og kallar á reynslu og þekkingu. Hjá mörgum sveitarfélögum starfa einstaklingar af erlendum uppruna. Athugandi væri hvort virkja mætti þessa einstaklinga sem túlka eða gera túlkastarfið hluta af þeirra aðalstarfi. Hér væri þá kannski fyrst og fremst um að ræða túlkastarf í öðrum tilvikum en þeim sem kallast mættu viðkvæm. Viðkomandi starfsmenn þyrftu engu að síður að vera upplýstir um stjórnkerfið og t.d. skólamála, félagsþjónustu og annað

sem mikilvægt er og nýst getur nýjum íbúum í samfélaginu sem litla eða enga þjálfun hafa í íslensku. Eðlilegt er að þeir einstaklingar sem tækju að sér að túlka yrðu studdir til að þjálfa sig sem slíkir.

Móta þarf stefnu varðandi túlkaþjónustu og sjá til þess að börn verði alls ekki í túlkahlutverki. Koma þarf á fót túlkaneti, skrá um túlka sem hafa sótt námskeið fyrir túlka á hinum ýmsu tungumálum og væri kunnugt um siðareglur starfsins. Finna þarf aðila eða stofnun sem héldi utan um upplýsingar um túlka á svæðinu og héldi reglulega námskeið fyrir fólk sem vildi ná sér í þau réttindi. Einnig þarf að móta málefni túlkaþjónustu á landsvísu.

Samskiptaerfiðleikar milli innflytjenda og atvinnurekenda geta átt sér stað þegar innflytjendur koma til starfa, sérstaklega á fyrstu vikunum. Því er mikilvægt að bæði innflytjendur og atvinnurekendur hafi greiðan aðgang að túlkaþjónustu ef samskiptavandamál koma upp og aðgengi að túlkaþjónustu sé auðvelt. Þeir sem á þurfi að halda geti leitað til eins aðila og fengið þjónustu. Hægt væri að hafa samband við Þekkingarnet Austurlands, sem myndi útvega túlka. Einnig er vert að skoða símatúlkaþjónustu. Ljóst er að atvinnurekendur þurfa að sýna ábyrgð í þessum málaflokki og eins er vert að skoða hvort aðilar á vinnumarkaði og sveitarfélög geti unnið saman í túlkamálum.

Að endingu er rétt að benda á að þörf er á skýrum verklagsreglum í túlkaþjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Mikilvægt er að tekið sé á þessu máli sem fyrst og hafa verður það í huga að oft á tíðum tekur það mun lengri tíma, og er þar af leiðandi kostnaðarsamara að sinna sjúklingi ef fólk á í erfiðleikum með að skilja hvort annað. Verklagsreglurnar væri rétt að yrðu mótaðar í samstarfi og að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneyti og aðila sem unnið hafa í málefnum tengdum innflytjendum.

● *Ábyrgð:* Túlkaþjónusta getur verið kostnaðarsöm og því mikilvægt að ljóst sé hver á að greiða fyrir hana. Íslenska ríkið ætti að taka að sér ákveðið forystuhlutverk hagsmunaaðila (sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, innflytjendur) og móta ferli eða reglur sem notast mætti við þegar kemur að greiðslu fyrir þjónustuna.





6. kafli

Stofnanir, félagasamtök og aðilar vinnumarkaðarins á Austurlandi

6.1 Rauði kross Íslands - Austurland

Eitt af meginverkefnum Rauða krossins er að styðja við bakið á innflytjendum til að auðvelda þeim aðlögun og líf í nýju landi. Rauði krossinn hefur gætt réttar hælisleitenda er hingað koma og tekið á móti flóttamönnum þegar ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa samþykkt að taka á móti slíkum hópum. Rauði krossinn heldur utan um flóttafólkið í eitt ár með kerfisbundinni aðstoð sjálfbóðaliða þar sem íslenskar stuðningsfjölskyldur hjálpa hverri fjölskyldu að aðlagast íslensku samfélagi.

Gefinn var út *Vegvísir til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi* árið 2006 á vegum Rauða krossins til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi og byggist sú rannsókn á rýnihóparannsókn sem framkvæmd var í ágúst og september 2005. Talað var við tuttugu innflytjendur frá 17 þjóðlöndum og var tilgangur og markmið rannsóknarinnar athugun á því hvernig æskilegast væri að vinna að þróun fjölmenningsfélags á Íslandi. Vegvísirinn var einnig innlegg í gagnrýna umfjöllun um málefni innflytjenda almennt og jafnframt leiðarvísir um hvernig haga ætti málsvarastarfi og vali á verkefnum í þágu innflytjenda hjá Rauða krossi Íslands með sérstakri áherslu á þá sem standa höllum fæti. Hægt er að nálgast skýrsluna á vef Rauða krossins www.redcross.is og þar er einnig að finna samantektir um helstu rannsóknir í málefnum útlendinga.

Á Íslandi eru starfandi 51 Rauða krossdeildir og af þeim eru 11 deildir á Austurlandi. Hver deild vinnur að ýmsum verkefnum sem eru brýn á viðkomandi svæði og hafa deildir á Austurlandi lagt mikla áherslu á að styðja við innflytjendur þar sem þess er þörf og beiti sér sem málsvári fólks af erlendum uppruna.

Þjóðahátíðir hafa verið haldnar þrisvar sinnum á Austurlandi. Fyrst á Reyðarfirði árið 2001, á Seyðisfirði árið 2002 og Egilsstöðum árið 2004. Markmið og tilgangur þjóðahátíða er sá að koma til móts við fólk frá öðrum þjóðum og kynnast menningu þeirra, efla samskipti og samgang, skilning og vinsemd meðal allra Austfirðinga, innfæddra sem aðfluttra. Þjóðahátíðum er ætlað að vinna gegn fordómum og þær eru kjörinn vettvangur til fræðslu og kynningar á menningararfleið þjóða. Hátíðirnar hafa verið fjölbreyttar og meðal þess sem boðið er upp á eru þjóðdansar, hljóðfæraleikur og söngur, kynningar á þjóðlöndunum með fjölbreyttum hætti, m.a. þjóðlegum réttum því eins og stundum er sagt, þá er leiðin að hjartanu í gegnum magann.

Hátíðir sem þessar væru vart framkvæmanlegar ef ekki kæmi til fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum, bæði innlendum og erlendum, sem af dugnaði leggja sitt af mörkum. Líknarfélög, fyrirtæki, starfsmannafélög og einstaklingar leggjast á eitt um að gera þjóðahátíðir sem glæsilegastar og sýna um leið hversu vel við tókum á móti aðfluttum Austfirðingum.

Hvað hafa Rauða krossdeildir verið að gera á Austurlandi?

Mikil áhersla er lögð á að innflytjendur læri íslensku og því hafa sumar Rauða krossdeildir á Austurlandi styrkt innflytjendur með niðurgreiðslu á íslenskunámi. Þær hafa aðstoðað við heimanám erlendra barna í grunnskólum með það að markmiði að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi og virkja þau til þátttöku í því. Deildir hafa aðstoðað innflytjendur við þýðingu á pappírnum, skattframtölum og mörgu fleira er kemur við nauðsynlegum upplýsingum sem eru bara til á íslensku. Einnig hafa deildir hjálpað erlendum fjölskyldum við að útvega húsgögn, húsbúnað og föt og verið til staðar ef til þeirra er leitað.

Hvað er á döfinni?

Ýmsar hugmyndir eru í gangi hjá Rauða krossdeildum á Austurlandi er varða innflytjendur og hægt er að nefna að í undirbúningi er að gera sameiginlega bækling á nokkrum tungumálum með upplýsingum um tengiliði sem útlendingar geta leitað til. Í samvinnu við Vegahúsið á Egilsstöðum, sem er ungmennahús, og Héraðs- og Borgarfjarðardeildir Rauða krossins, er að fara af stað verkefni er felst í því að bjóða konum frá Kárahnjúkum og Bechtel á Reyðarfirði að koma í Vegahúsið einu sinni í mánuði þar sem boðið verður upp á námskeið af ýmsum toga fyrir konurnar og barnapössun í leiðinni. Hugmyndin er að rjúfa einangrun og kynna þeim íslenska menningu. Í framhaldi af því er uppi hugmynd um að fá erlendar konur er búa á Egilsstöðum og nágrenni til að taka þátt í starfinu. Rauða krossdeildin á Egilsstöðum hefur einnig opið hús á sunnudögum veturinn 2006/2007 fyrir erlendu verkamennina við Kárahnjúka.

6.2 Heilbrigðismál

Óhætt er að fullyrða að fáir innan heilbrigðisgeirans hafi verið búnir undir þær breytingar sem urðu með auknum fjölda innflytjenda. Á Austurlandi eru mismunandi hópar innflytjenda, t.d. farandverkamenn og svo þeir sem ætla að setjast þar að og hafa þessir innflytjendur oft en ekki mismunandi þarfir. Suma innflytjendur skortir stuðningsnet, ef eitthvað kemur upp á, ólíkt Íslendingum sem hafa margir fjöldskyldu sína sem stuðningsnet. Ekki eru til neinar verklagsreglur varðandi túlka eða fjárveitingar veittar Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) til kaupa á túlkaþjónustu. Heilbrigðisstofnanir hafa lítið fjárhagslegt bolmagn til að auka þjónustu sína umfram það að sinna daglegri þjónustu á heilsugæslustöðvum, vakt- og neyðarþjónustu, sem hefur aukist mjög samfara virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Því hafa innflytjendamál setið á hakanum. Innan HSA starfar fólk með fjölbreytta málakunnáttu en þegar á þarf að halda er leitað til þeirra sem búa yfir málakunnáttu í samfélaginu. Sú kvöð hefur einnig verið fest í þjónustusamninga við stórfyrirtæki, t.d. Impregilo, að þau útvegi starfsmönnum sínum túlkaþjónustu, en þegar allt um þrýtur er notast við bendingar, táknmál og heimatilbúna orðalista til að gera sig skiljanlegan. Það er metið svo að oft taki u.þ.b. fjórfalt lengri tíma að þjóna innflytjendum en Íslendingum í sömu stöðu. Ótækt er að sjúklingur þurfi að koma með fjölskyldumeðlim eða vin þegar hann þarf að leita aðstoðar læknis.

Færa má rök fyrir því að upplýsingar og kynning til innflytjenda ætti að koma frá aðila, eins og heilbrigðisráðuneyti, frekar en að hver heilbrigðisstofnun fyrir sig standi í því á eigin kostnað að t.d. þýða bæklinga og búa til kynningar-efni. Það er samdóma álit þeirra sem rætt var við hjá HSA að nauðsynlegt væri að fá upplýsingar- og kynningarefni á fleiri tungumálum. HSA hefur fengið efni frá Alþjóðahúsi og Fjölmenningssetri, t.d. í sambandi við ungbarna- og mæðravernd, en það er einungis dropi í hafið miðað við það sem þyrfti að vera. Ríkisvaldið þarf að gera betur og móta heildarstefnu fyrir allar heilbrigðisstofnanir landsins í málefnum innflytjenda.

6.3 Skattstofa Austurlands

Töluvert hefur verið gert til að innflytjendur og erlendir ríkisborgarar hafi sem bestar og nákvæmastar upplýsingar um skattamál á Íslandi. Heimasiðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is gætu aðrir tekið sér til fyrirmyndar en þar er að finna upplýsingar og leiðbeiningar á fjölda tungumála. Norðurlöndin standa saman að heimasíðunni www.nordisketax.net þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um skattamál á Norðurlöndum, en þess ber að geta að Norðurlandabúar eiga rétt á að fá þjónustu á sínu tungumáli séu þeir staddir í einhverju hinna Norðurlandanna. Skattframtöl er hægt að nálgast á nokkrum tungumálum hérlendis; ensku, dönsku, finnsku, norsku, sænsku, frönsku, spænsku, þýsku, pólsku, rússnesku og kínversku, sem hjálpar mörgum við útfyllingu skattframtala árlega og eykur líkur á því að þau séu fyllt rétt út.

Upplýsingar frá skattstofum, bréf, tilkynningar o.þ.h., eru á íslensku og ekki stendur til að breyta því. Skattstjóri ritar, ef þess er óskað, skýringartexta á ensku svo viðkomandi geti áttað sig á efnislegri niðurstöðu úrskurða, þó svo að úrskurðurinn sé sjálfur ritaður á íslensku. Skattstofa Austurlands hefur ekki túlk á sínum snærum og telur ekki þörf á því. Þeir sem þurfa þjónustu skattstofunnar koma með einstaklinga með sér, vin eða fjölskyldumeðlim, sem sér um að túlka. Fólk sendir einnig fyrirspurnir til skattstofunnar og er þeim svarað eftir bestu getu eins fljótt og auðið er, en margir fá svör við sínum fyrirspurnum í gegnum heimasíðu RSK.

6.4 Sýslumannsembætti

Samskipti sýslumannsembættanna og lögreglu við innflytjendur eru töluvert og fyrir marga fyrstu kynni af íslensku samfélagi. Embættin eru í nokkurs konar móttökuklutverki fyrir þá sem koma nýir inn í landið. Á þeim hvílir ákveðin upplýsingaskylda sem felst í að þjónusta fólk eftir fremsta megni við að nálgast þær upplýsingar sem fólk leitast eftir og líkt og hjá skattstofunum, eiga Norðurlandabúar rétt á því að tala sitt tungumál innan stjórnsýslunnar.

Sýslumannsembættin á Austurlandi veita víðtæka þjónustu, allt frá útgáfu ökuskrteina til tollgæslu, ásamt því að afhenda dvalar- og atvinnuleyfi og vera með umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þessum verkefnum fylgja vissulega mikil samskipti við fólk í upplýsinga- og þjónustuleit, bæði Íslendinga og innflytjendur. Netið er mikið notað við upplýsingagjöf embættanna og má þar benda á heimasíður eins og www.tollur.is – www.syslumadur.is – www.tr.is – en þar má nálgast upplýsingar um þjónustu og oftast en ekki eru upplýsingarnar þýddar á nokkur tungumál. Tollstjórinn í Reykjavík hefur einnig gefið út bæklinga á nokkrum tungumálum sem nýtast sýslumannsembættum víða um land.

Sýslumannsembættin á Austurlandi hafa ekki orðið vör við mikla tungumálaerfiðleika gagnvart skjólstæðingum sínum. Starfsmenn tala nokkur tungumál, ásamt því að notast er við símatúlkun og almenna túlkajónustu þegar erfiðleikar í samskiptum koma upp. Embættin sjálf eru ábyrg fyrir túlkun og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið gefið út lista yfir túlka, þar sem embættin geta leitað eftir aðstoð. Einnig hafa þau fengið orðalista yfir helstu orð og orðasambönd á nokkrum tungumálum, en hafa ekki mikið þurft á honum að halda.

6.5 Verkalýðsfélög

Verkalýðsfélögin á Austurlandi hafa staðið í ströngu síðustu misseri við að kynna nýju starfsfólki á svæðinu þau réttindi sem það hefur. Stór hluti þessa starfsfólks eru erlendir ríkisborgarar frá mörgum löndum, sem tala mismunandi tungumál. Þetta hefur orðið til þess að þurft hefur að koma á framfæri og gefa út upplýsingar á mörgum tungumálum. AFL – Starfsgreinafélag Austurlands hefur t.d. haldið fjölmarga vinnustaðafundi til að kynna starfsemi sína og verkalýðsfélaga almennt, ásamt því að auglýst hefur verið í héraðsblöðum og upplýsingabæklingar gefnir út. Alþýðusamband Austurlands gaf einnig út bækling á pólsku um helstu réttindi en þar er fjallað um vinnutíma, launamál, lífeyrissjóði, skatta, trúnaðarmenn, öryggismál, einelti á vinnustöðum, atvinnu- og dvalarleyfi, svæðisvinnumiðlanir, húsnæðismál, tungumálið, upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa, skóla – og menntun, neyðarþjónustu og verkalýðsfélög.

Í tengslum við verkefnið Einn réttur – ekkert svindl gaf ASÍ út bækling á nokkrum tungumálum um rétt útlendinga til að vinna á Íslandi. Ritið er gefið út á serbnesku, portúgölsku, rússnesku, kínversku, litháisku, tælensku, spænsku, pólsku, ensku og filippísku. Þessu riti hefur verið dreift meðal félagsmanna verkalýðsfélaga eftir því sem við á. Einnig hefur félagið með sama hætti dreift efni sem Vinnueftirlitið gefur út á ýmsum tungumálum. Til viðbótar við þessa upplýsingagjöf, eru mikil samskipti milli þeirra sem eru nýlega komnir og þeirra sem fyrir eru frá sama landi og það auðveldar fólki að miðla upplýsingum sín á milli.

Ljóst er að mikið hefur verið unnið í að upplýsa erlenda starfsmenn á svæðinu um réttindi þeirra og er markviss vinna í gangi hjá verkalýðshreyfingunni. Hins vegar þarf að gæta þess að sofna ekki á verðinum, heldur halda áfram góðu og markvissu starfi við miðlun upplýsinga.

6.6 Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi á Austurlandi hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarna mánuði og mikill skortur á vinnuafli í fjórðungnum. Þessi þensla hefur kallað á aukið erlent vinnuafli. Svo dæmi séu tekin er um það bil þriðjungur ráðninga Vinnumálastofnunar Austurlands á árinu 2006 erlendir ríkisborgarar. Búast má við því að hluti þeirra erlendu verkamanna sem komið hafa til landsins vilji starfa og búa hér áfram, þó svo að ekki hafi farið fram nein formleg könnun hvað það varðar. Umtalsverð aukning hefur verið í aðstoð við útlendinga í atvinnuleit eftir að hömlum var aflétt um flutning atvinnuleitenda innan EES 1. maí 2006 og virðist sem útlendingar séu betur meðvitaðir um tilgang vinnumiðlana en Íslendingar.

Grundvallarþátturinn í starfi Vinnumálastofnunar Austurlands er vinnumiðlun, sem felst annars vegar í þjónustu við vinnuveitendur við að fá hæft starfsfólk og hins vegar atvinnuleitendur við að fá vinnu við hæfi. Einnig er hlutverk stofnunarinnar ráðgjafarþjónusta varðandi atvinnuleit og ráðningar, t.d. að veita upplýsingar um laus störf og miðla þeim til vinnuveitenda og atvinnuleitenda. Að auki ber Vinnumálastofnun ábyrgð á útborgun atvinnuleysisbóta til þeirra einstaklinga sem misst hafa atvinnu sína, eru virkir atvinnuleitendur og öðlast hafa rétt til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar. Á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is, er hægt að nálgast lög og reglugerðir er varða réttindi og skyldur atvinnurekenda sem og útlendinga.






7. kafli

Hlutverk ríkisstjórnar í móttöku og þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi

Erfitt var að sjá fyrir þá miklu fólksflutninga sem verið hafa innan Evrópu og þær félagslegu og menningarlegu breytingar sem eiga sér stað. Enn er verið að vinna úr þessum breytingum, bæði á þjóðarímyndinni og stofnunum samfélagsins. Ísland er engin undantekning eins og sjá má á myndinni hér til hliðar.

Stefna stjórnvalda um aðlögun innflytjenda kom fram undir lok vinnu starfshópsins sem vinnur að verkefninu á Austurlandi Áður höfðu nefndir sem hafa verið skipaðar, ýmist af ráðherrum menntamála eða félagsmála síðan árið 1997, skilað af sér nokkrum skýrslum um málefni innflytjenda. Í skýrslunum má sjá áherslu á að farin verði leið gagnkvæmrar aðlögunar, virkrar þátttöku og samþættingar.



Heimild: Hagstofa Íslands (2006).

Í október 2005 skipaði félagsmálaráðherra Innflytjendaráð og er það meginverkefni ráðsins að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. Ráðið skipa fulltrúar frá félags-, mennta-, dóms- og heilbrigðisráðuneyti, fulltrúi frá Sambandi sveitarfélaga og fulltrúi innflytjenda.

Öll ráðuneytin hafa aðkomu að málefnum innflytjenda. Mismunandi er þó hversu stóru hlutverki þau gegna í móttökuférlinu. Ríkistjórnin, ráðuneytin og undirstofnanir þeirra þurfa að móta sér stefnu og verklagsreglur til að tryggja að innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum og þjónustu til jafns við aðra landsmenn. Einnig þarf að tryggja að innflytjendur sem verða fyrir því að þeim sé mismunað sökum menningar, uppruna, trúar eða litarháttar njóti lagalegrar verndar og eigi þess kost að leita réttar síns ef á þeim er brotið.

Helstu þættir er varða aðkomu ráðuneyta og undirstofnana þeirra við móttöku og þátttöku innflytjenda eru að mati starfshópsins eftirfarandi:

Upplýsingar og fræðsla um íslenskt samfélag fyrir íbúa af erlendum uppruna

- ▶ Að tryggt verði að upplýsingar sem innflytjendur þurfa að hafa strax við komuna til landsins s.s. ráðningarsamningar, húsaleigusamningar o.fl., séu aðgengilegar á sem flestum tungumálum.

Íslenskukennsla barna og fullorðinna

- ▶ Að framboð af íslenskunámskeiðum og námsefni verði nægt og orðabókargerð verði eflid. Hugað verði sérstaklega að því að mennta kennara á öllum skólastigum til að kenna íslensku sem annað mál.
- ▶ Að efla móðurmálskennslu með námsefnisgerð og námskeiðum fyrir móðurmálskennara. Koma á markvissri aðstoð við heimanám á öllum skólastigum.
- ▶ Að þeim aðilum sem sjá um fullorðinsfræðslu verði gert mögulegt að fastráða kennara í íslensku.

Túlkajónusta

- ▶ Ráðuneyti og undirstofnanir þeirra móti sér verklagsreglur um hvernig túlkajónustu sé háttað.
- ▶ Koma á námi fyrir túlka.

Fræðsla um mannréttindi og fjölmenningu

- ▶ Mikilvægt er að efla fræðslu til allra íbúa landsins um mannréttindi og mikilvægi umburðarlyndis og að vinna gegn fordómum í garð fólks sem ekki er borið og barnfætt á Íslandi.

Fjármagn sé tryggt

- ▶ Stjórnvöld og stofnanir sjái til þess að fjármagn til að sinna málefnum innflytjenda sé nægt. Bæði í þeim málaflokkum sem þau bera ábyrgð á og sinna og einnig þar sem stjórnvöld vinna með öðrum aðilum, t.d. sveitarstjórnnum og aðilum vinnumarkaðar.

Skráning innflytjenda og útgáfa kennitalna, dvalar- og atvinnuleyfa

- ▶ Eitt af meginhlutverkum ríkisins er að stofnanir þess sinni vel skráningu innflytjenda og útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa. Þessar leyfisveitingar eru mikilvægar svo innflytjendur komist strax inn í íslenska kerfið, fái kennitölu, borgi skatta og öðlist jafnframt rétt til opinberrar þjónustu. Einfalda mætti stjórnsýsluna þannig að hún verði skilvirkari og gegnsærri og jafnframt að skráningunni sé þannig hagað að sveitarfélögin fái upplýsingar um þá einstaklinga sem flytjast á svæðið og á hvaða tungumáli viðkomandi geti tekið við upplýsingum.



8. kafli

Niðurlag - eftirfylgni

Bæði hefur verið unnið og skrifað um málefni innflytjenda á síðustu árum og fram kemur að víða er pottur brotinn. Þrátt fyrir þessi skrif fannst sveitarfélögum á Austurlandi og aðilum sem tengjast innflytjendamálum þarft að ráðast í gerð stefnumótunarverkefnis um stöðu innflytjendamála. Allir ábyrgðaraðilar þurfa að gera betur og standa sig í þeirri vinnu sem framundan er í málefnum innflytjenda og axla sína ábyrgð.

Þessi skýrsla og vinnan í kringum hana er unnin til þess að bæta hag íbúa samfélagsins á Austurlandi, þá ekki síst íbúa af erlendum uppruna, sem flytja úr mismunandi menningarheimum. Skýrslan miðar að því að láta öllum líða betur með því að skapa samfélag þar sem allir upplifa sig velkomna. Það er afar mikilvægt að vel sé tekið á móti fólkinu og því líði sem best við komuna til landsins og finnist það velkomið. Gott gæti verið að staldra við og ímynda sér hvernig móttökur maður vill fá sjálfur þegar komið er inn í annað samfélag.

Þegar mikil fagleg vinna hefur verið lögð í verkefni af fjölda manns er mikilvægt að skýrslu sem þessari verði ekki stungið undir stól. Verkefnin eru fjölbreytt og sviðið yfirgrípsmikið, en samt sem áður er hægt að ná ákveðnum samlegðaráhrifum ef verkið er unnið af verkefnisstjóra og eftirlitsteymi, m.a. vegna þess að margar tillögur sem lagðar hafa verið fram skarast og tengjast. Eftirfylgni er því mjög mikilvæg í verkefni sem þessu og að sjálfsögðu skiptir fjármagn máli. Þó svo að áberandi sé að fjöldi þeirra tillagna, sem lagðar eru fram, eru tiltölulega 'ódyrar' en áhrifaríkar, skiptir máli að leitað verði til aðila sem tengjast málinu; sveitarstjórna, stofnana ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins eftir fjármagni. Þessir aðilar eru ábyrgðaraðilar margra verkefna er tengjast innflytjendum, eins og kemur fram í þessari skýrslu.

Því er mikilvægt að þeir skorist ekki undan ábyrgðinni. Það er hagur allra að verkefnið verði þróað áfram á faglegan og skipulegan hátt.

Lagt er til af skýrsluhöfundum að eftirfylgnisteymi, undir forystu SSA, verði sett á laggirnar og hafi m.a. það hlutverk að útvega fjármagn og ráða verkefnisstjóra. Eftirfylgnisteyminu er ætlað að fylgjast með ábyrgðaraðilum og vera þeim innan handar varðandi þær tillögur sem lagðar eru fram í skýrslunni, útbúa gátlista fyrir verkefnisstjóra sem hægt verði að nota til að eftirfylgnin verði markviss. Þessum fyrsta áfanga verði lokið á aðalfundi SSA haustið 2008, þar sem árangursskýrsla verði lögð fram af eftirfylgnisteyminu og farið yfir hvaða árangri hafi verið náð.

36





Heimildaskrá

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir o.fl. (2006) *Vegvísir til aðlögunar innflytjenda að íslensku samfélagi*. Reykjavík: Rauði Kross Íslands.

Heiður Hrund Jónsdóttir o.fl. (2004) *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Íbúar af erlendum uppruna á Austurlandi. Stöðugreining og tillögur til úrbóta (2002) Egilsstaðir: Þróunarstofa Austurlands.

Kristín Erla Harðardóttir o.fl. (2005) *Reynsla og viðhorf flóttamanna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi (2005) Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug H. Svavarsdóttir og Jón G. Bernburg (1997) *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Gagnlegir tenglar sem tengjast málefnum innflytjenda

- ▶ <http://www.asi.is/>
- ▶ <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/vinnumal/atvinnurettindi/>
- ▶ <http://www.fjolmenningarsetur.is/>
- ▶ <http://www.ahus.is/>
- ▶ <http://www.utl.is/>
- ▶ <http://www.si.is/english/>
- ▶ <http://www.asa.is>
- ▶ <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleyfi-utlendinga/>

Löggjöf sem tengist málefnum innflytjenda

<http://www.althingi.is/vefur/lagasafn.html>

(21/2006) Lög um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

(97/2002) Lög um atvinnuréttindi útlendinga

(96/2002) Lög um útlendinga

(47/1993) Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt

launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins

<http://www.reglugerd.is>

Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga

Tölulegar upplýsingar:

Alþjóðahús veitir góðar tölulegar upplýsingar á vefsíðu sinni undir liðnum 'Gagnlegar upplýsingar'

<http://www.ahus.is/>

Einnig er hægt að fá góðar tölulegar upplýsingar á vefsíðu

Hagstofu Íslands <http://www.hagstofa.is/>

Skýrslur og greinar sem unnar hafa verið tengdar málefnum útlendinga:

Greinargerð og tillögur nefndar sem kannaði aðstæður erlends vinnuafis og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi (2003) Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Greinargerð og tillögur starfshóps um þjónustu við innflytjendur á Íslandi (2004) Reykjavík: Félagsmálaráðuneyti.

Greinargerð um vinnu starfshóps um stofnun landsmiðstöðvar eða annars starfsvettvangs um málefni útlendinga (2004) Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Skýrsla ráðgjafarhóps Fjölmenningsseturs (2003) Ísafjörður: Fjölmenningssetur á Ísafirði.

Tillögur að aðgerðum sem geta auðveldað útlendingum aðlögun og þátttöku í íslensku samfélagi (1998) Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi (1997) Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

38



Viðauki I

Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi

Helstu niðurstöður skýrslu um *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi* (Heiður Hrund Jónsdóttir o.fl., 2004, bls. 12-15) birtast hér, óbreyttar eins og þær komu fyrir í skýrslunni. Skýrslan var gefin út af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og vakti mikla athygli þegar hún kom út:

Búseta innflytjenda

- ▶ Um 55% af þátttakendum í könnuninni fluttu til Íslands á síðustu 5 árum, eða á árabílinu 1999-2004.
- ▶ Tæplega helmingur svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir búa nú. Af þeim sem helst vildu búa annars staðar vildu 64% búa á höfuðborgarsvæðinu en hinir vildu helst búa annars staðar á landsbyggðinni.
- ▶ Um 39% innflytjenda bjuggu í eigin húsnæði, 32% í leiguhúsnæði á almennum markaði eða á vegum sveitarfélags og 14% bjuggu í húsnæði á vegum atvinnurekanda.
- ▶ Athygli vakti að um 42% svarenda áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi/heimalandi viðkomandi.
- ▶ Um 45% töldu að jafnrétti kynja væri minna í upprunalandi/heimalandi en hér á landi.

Réttarstaða innflytjenda

- ▶ Um 59% aðspurðra höfðu fengið einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins, flestir hjá vinum eða ættingjum.
- ▶ Því meiri menntun sem svarendur höfðu því síður höfðu þeir fengið fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins.

Innflytjendur og fjölskyldur þeirra

- ▶ Um 72% svarenda voru í hjónabandi eða sambúð.
- ▶ Um 69% svarenda áttu börn.
- ▶ Foreldrar sem áttu börn í leikskóla sögðust í 44% tilvika alltaf mæta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, 32% stundum og 24% mættu aldrei. Af þeim 33 þátttakendum sem ekki mættu í foreldraviðtöl í leikskólanum sögðu 28% það vera vegna tungumálaerfiðleika. Fjórir af þeim átta sem báru við tungumálaerfiðleikum höfðu notað túlk og aðeins einn þeirra þekkti ekki rétt sinn til aðstoðar túlks.
- ▶ Foreldrar sem áttu börn í grunnskóla sögðust í 69% tilvika alltaf mæta í foreldraviðtöl hjá börnum sínum, um það bil 20% mættu stundum og 11% mættu aldrei.
- ▶ Af þeim sem aldrei mættu í foreldraviðtöl báru 30% einstaklingar tungumálaerfiðleikum við, þrír af þeim höfðu notað túlk en tveir vissu ekki að þeir áttu rétt á aðstoð túlks.

Tungumálakunnátta innflytjenda

- ▶ Yfir 70% svarenda töluðu alltaf móðurmál sitt við börn sín.
- ▶ Um 90% þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsskólanámi eða háskólanámi gátu tjáð sig á fleiri tungumálum en móðurmáli sínu, en þetta hlutfall var 70% hjá þeim sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi eða grunnskólanámi.
- ▶ Þegar kom að íslenskukunnáttu voru það um 34% sem höfðu mjög eða frekar góðan skilning á íslensku og 23% höfðu frekar slæman eða mjög slæman skilning á íslensku.
- ▶ Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig þeim gengi að tjá sig á íslensku, voru einungis 4% sem töldu sig geta tjáð sig vel á íslensku og 25% sem töldu sig geta tjáð sig frekar vel á móti 19% sem töldu sig geta tjáð sig frekar illa og 9% gátu tjáð sig mjög illa.
- ▶ Hjá 46% svarenda hafði kennarinn á síðasta íslenskunámskeiði talað ensku í kennslunni.
- ▶ Meirihluti svarenda, eða 92% hafði áhuga á að læra íslensku eða vildu læra hana betur.
- ▶ 70% svarenda langaði auk þess til að læra annað tungumál en íslensku.

40



Þátttaka innflytjenda í félagsstarfi

- ▶ Af þeim 32% sem vissu til þess að samtök eða félag samlanda væru til hér á landi tók um helmingur þátt í starfi þeirra.
- ▶ Rúmlega helmingur svarenda tók þátt í almennu félagslífi af einhverju tagi, til dæmis tómstundastarfi, íþróttum, líkamsrækt, leiklist, kórastarfi eða öðru.
- ▶ Um 26% svarenda kaus í síðustu sveitarstjórnarkosningum, í maí 2002.
- ▶ 21% svarenda hafði tekið þátt í starfi stjórnmalaflokks eða annarra pólitískra samtaka í upprunalandi/heimalandi sínu en aðeins 3% höfðu tekið þátt í slíku starfi hér á landi.
- ▶ 74% töldu að það væri frekar eða mjög líklegt að þeir myndu kjósa í næstu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006.
- ▶ Tæpur helmingur svarenda taldi stjórnmalaflokka standa sig illa í að kynna sig og sín málefni fyrir fólki sem skilur litla íslensku.

Nýting innflytjenda á þjónustuþáttum

- ▶ Um 32% svarenda höfðu nýtt sér þjónustu túlks.
- ▶ Um 28% svarenda hafði ekki vitneskju um rétt sinn á aðstoð túlks í ákveðnum tilvikum sér að kostnaðarlausu.
- ▶ Um 44% sögðu að það væri auðvelt að fá aðstoð túlks í bæjarfélagi sínu.
- ▶ Um það bil 2/3 svarenda höfðu aðgang að Internetinu. Flestir þeirra höfðu aðgang heima hjá sér eða 59%.
- ▶ Um það bil 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu stéttarfélags/verkalýðsfélags síns. Af þeim höfðu 37% einhvern tíma leitað til þess. Flestir höfðu fengið góða þjónustu en þó voru um 29% sem töldu sig hafa fengið slæma þjónustu.
- ▶ Svarendur virtust fá mest af upplýsingum um hvað væri að gerast á Íslandi í gegnum sjónvarp og einnig fengu þeir mest af upplýsingum um hvað væri að gerast í heimalandi/upprunalandi í gegnum þann miðil.
- ▶ 58% svarenda treysti best upplýsingum frá opinberum aðilum eða öðrum félagasamtökum.

Atvinna innflytjenda

- ▶ 74% svarenda voru virk á vinnumarkaði eða stunduðu nám síðustu þrjá mánuði áður en þeir komu til Íslands.
- ▶ Mjög stór hluti svarenda, eða 93%, voru á vinnumarkaði á Íslandi þegar þeir svöruðu könnuninni. Þeir sem ekki voru á vinnumarkaði voru í námi, heimavinnandi, í fæðingarorlofi eða vegna annars. Atvinnuleysi var nær óþekkt.
- ▶ Rúmlega 75% svarenda störfuðu hér á landi við fiskvinnslu og fiskveiðar.
- ▶ Hlutfallslega mun fleiri svarendur voru í ósérhæfðum störfum hér á landi en í heimalandi, eða 50% á móti 8%.
- ▶ Flestir svarendur töldu laun sín vera svipuð og hjá öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum á vinnustað þeirra. 8% svarenda töldu sig hafa betri laun en sambærilegir starfsmenn en 24% töldu launakjör sín heldur verri eða mun verri en aðrir í sambærilegum störfum á vinnustaðnum.
- ▶ Priðjungur svarenda vildi taka sér sumarfrí utan hefðbundins sumarleyfistíma.
- ▶ Um 80% höfðu skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi. Það var athyglisvert að um 62% höfðu ekki skilið samninginn að hluta til eða að öllu leyti.
- ▶ Mjög hátt hlutfall svarenda, (88%), töldu menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og 84 % svarenda höfðu ekki reynt að fá menntun sína metna hér á landi.
- ▶ Helsta ástæðan fyrir því að menntun þeirra nýttist ekki virtist vera að þá skorti meiri kunnáttu í íslensku.
- ▶ 66% höfðu áhuga á frekara námi.
- ▶ 39% höfðu áhuga á því að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki. Um 12% höfðu hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.



Viðauki II

Skilgreiningar

Samþætting/gagnkvæm aðlögun er tvíþætt. Annars vegar er krafan um að innflytjendur lagi sig að menningu nýja landsins án þess að hafna eða tapa sínum eigin menningarlega bakgrunni. Hins vegar krafa til heimamanna og allrar stjórn-sýslunnar um að laga sig að komu og veru nýrra íbúa (Rannveig Þórisdóttir o.fl, 1997, bls. 9).

Samlögun er þegar innflytjendur og aðrir þjóðernisminnihlutar segja skilið við upprunalega menningu og tungumál síns lands og tileinka sér þess í stað menningu og tungumál nýja landsins. Þetta birtist í ýmsum myndum, allt frá því að skilgreina upp á nýtt hvaða þjóðerni viðkomandi tilheyrir eða að einstaklingar læra hið nýja tungumál en viðhalda ekki eigin tungumáli. Markmiðið er að öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans (Rannveig Þórisdóttir o.fl, 1997, bls. 8-9).

Aðskilnaður er þegar innflytjendur aðlagast ekki nýja samfélaginu, læra ekki tungumálið og búa þá oft á afmörkuðu svæði og lúta undirokun meirihlutans en halda sterkt í sín séreinkenni s.s. tungumál og trúarbrögð (Rannveig Þórisdóttir o.fl, 1997, bls. 8-9).

Einangrun er þegar engin tengsl myndast á milli hinnar nýju menningar né heldur tekst viðkomandi að halda tengslum við þann menningarheim sem hann kemur frá. Fólk tileinkar sér ekki hina nýju menningu né heldur hina upprunalegu (Rannveig Þórisdóttir o.fl, 1997, bls. 8-9).

Mjög athyglisvert er að skoða þessar leiðir út frá kunnáttu barna í móðurmáli og tungumáli nýja landsins.

- ▶ Samþætting er þegar börn viðhalda móðurmáli og ná tökum á íslenskunni.
- ▶ Samlögur er þegar börn tapa móðurmálinu en ná góðum tökum á íslenskunni.
- ▶ Aðskilnaður er þegar börn hafa móðurmálið á valdi sínu en ná ekki tökum á íslenskunni.
- ▶ Einangrun er þegar börn ná hvorki góðum tökum á móðurmálinu né íslenskunni.

44

Þátttaka er hugtak sem er nýtt í umræðunni en skilgreining á því hugtaki í þessu samhengi er á þá leið að aðgerðir ríkis- og sveitarfélaga geri innflytjendum kleift að nýta hæfileika sína og menntun til að verða fullgildir og sjálfstæðir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins. Aðgangur að atvinnulífi, húsnæði, tungumálanámi og menntun skiptir þar meginmáli (Rauði kross Íslands 2006, bls. 3).

Félagsleg viðurkenning er mikilvægt hugtak þegar verið er að fjalla um aðlögun og íslenskunám. Prófessor Carolyn Kristjánsson segir að innflytjendur hafi mesta þörf fyrir félagslega viðurkenningu. Margir innflytjendur eru á jaðri samfélagsins. Færni í tungumálinu og leiðir inn í samfélagið eru nauðsynlegar forsendur til þess að innflytjendur geti lifað innihaldsríku lífi og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.



Viðauki III

Dagskrá málþings um innflytjendamál

Fjölmenningarlegt Austurland

Staða og áherslur í málefnum íbúa af erlendum uppruna

Haldið á Egilsstöðum 26. september 2006

Málþingið sett: Soffía Lárusdóttir, formaður SSA

14.05- 14.20 **Stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda**
Sæunn Stefánsdóttir, formaður Innflytjendaráðs

14.20-14.35 **Upplýsingamiðlun og rannsóknir**
Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs

14.35-15.00 **Túlkþjónusta og fræðsla**
Einar Skúlason, forstöðumaður Alþjóðahúss

Hlé

- 15.00- 15.20 Stefna og þjónusta sveitarfélaga**
Óðinn G. Óðinsson, verkefna- og þróunarstjóri Fljótsdalshéraðs
- 15.20-15.35 Að koma til Austurlands - Hvað mætir nýjum íbúum**
Manuela Reimus, starfsmaður í Fellabakaríi Fljótsdalshéraði
Túlkur: Thomasz Wojtowicz, öryggisfulltrúi hjá Inpro
- 15.35- 15.55 Íslenska, lykill að samfélaginu**
Laufey Eiríksdóttir, verkefnastjóri Þekkingarnets Austurlands
Ruth Magnúsdóttir, kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu Austurlands
- Hlé
- 16.05-16.20 Allir tilbúnir: Aðilar vinnumarkaðar á Austurlandi og innflytjendur**
Hafliði Hafliðason, verkefnastjóri Þróunarfélags Austurlands
- 16.20- 16.30 Að rjúfa einangrun**
María H. Haraldsdóttir, Svæðisfulltrúi Rauða kross deilda á Austurlandi
- 16.30-16.35 Áherslur/forgangur – samantekt á niðurstöðum**
Elsa Arnardóttir og Einar Skúlason
- 16.35-16.55 Opið spjall málþingsgesta og framsögumanna**
Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri SSA
- 16.55-17.00 Málþingsslit**

46

SSA

Samband sveitarfélaga á Austurlandi og stuðningsaðilar



Viðauki IV

Þátttakendur verkefnisins

Eftirfarandi aðilar tóku þátt í verkefninu,
ýmist með álitsgjöf eða með vinnu í vinnuhópum:

Alfreð S. Rafnsson	Vinnumálastofnun
Birgir Kjartansson	Félagsmálastjóri, Hornafirði
Blædís Guðjónsdóttir	Malarvinnslunni
Einar Skúlason	Alþjóðahúsi
Elsa Arnardóttir	Fjölmenningarsetri
Elwira R. Wojtowicz	Túlkur, Egilsstöðum
Gerður Ósk Oddsdóttir	Leikskólakennari, Fjarðabyggð
Guðjón Stefánsson	Grafískur hönnuður
Hafliði H. Hafliðason	Próunarfélagi Austurlands
Halla Óskarsdóttir	Eskju
Hildur Ýr Gísladóttir	Félagsmálafulltrúi, Fjarðabyggð
Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir	Forstöðukona Vökuls
Inger L. Jónsdóttir	Sýslumaður á Eskifirði

Ingibjörg H. Sigfúsdóttir	Félagsráðgjafi, Fjarðabyggð
Ingibjörg Hafstað	Alþjóðahúsi
Irek Kolodziejczyk	Íþróttá- og fristundanevnd Fljótsdalshéraðs
Jón Kristján Rögnvaldsson	Félagsmálastjóri, Hornafirði
Karl S. Lauritzson	Skattstofu Austurlands
Laufey Eiríksdóttir	Þekkingarneti Austurlands
Lárus Bjarnason	Sýslumaður á Seyðisfirði
Lísa Björk Bragadóttir	Leikskólustjóri
Manuela Reimus	Starfsmaður í Fellabakari, Fljótsdalshéraði
María H. Haraldsdóttir	Rauða krossi Íslands
Óðinn Gunnar Óðinsson	Verkefna- og þróunarstjóri, Fljótsdalshéraði
Ólöf M. Guðmundsdóttir	Vinnumálastofnun
Páll Björnsson	Sýslumaður á Höfn
Ragna Hreinsdóttir	Trúnaðarmaður AFLS
Ruth Magnúsdóttir	Skólaskrifstofu Austurlands
Sigríður Stefánsdóttir	Forstöðukona félagsþjónustusviðs Fjarðabyggðar
Sigrún Árnadóttir	Deildarstjóri tungumála við Menntaskólann á Egilsstöðum
Sigurður Ingólfsson	Prófarkalesari
Soffía Lárúsdóttir	Forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og fyrrv. form. SSA
Stefán Bragason	Skrifstofustjóri Fljótsdalshéraði
Stefán Stefánsson	Framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands
Stefán Þórarinsson	Heilbrigðisstofnun Austurlands
Sverrir Mar Albertsson	Framkvæmdastjóri Afis, starfsgreinafélags
Sæunn Stefánsdóttir	Alþingiskona og formaður Innflytjendaráðs
Thomasz Wojtowicz	Túlkur og öryggisfulltrúi hjá Inpro
Þorvaldur Jóhannsson	Framkvæmdastjóri SSA
Þórdís Sigurðardóttir	Íbúaráði Djúpavogshrepps



